

Hafnarfjörður, 31. janúar 2022
2112214 AME

Minnisblað starfsmanns skipulags

Vegna: Fyrirspurnar um tvöfaldan bílakjallara á reit R2, sbr. Deiliskipulag dags. 26.02.2007.

Skipulagsfulltrúa hefur borist fyrirspurn lóðarhafa á Linnetstíg 1 þess efnis að breyta gildandi deiliskipulagi Linnetstígs 1 svo að kvöð um bílakjallara á tveimur hæðum verði felld niður.

Úr bréfi lóðarhafa:

Málefni: Kvöðu um tvöfaldan bílakjallara á reit R2, sbr., deiliskipulag dags., 26.02.2007.

Með meðfylgjandi nefndu skipulagi var ætlunin að á öllum reitnum yrði byggður tvöfaldur bílakjallari og þar með talið undir nýbyggingu við Linnetstíg 1, sem er í eigu undirritaðs. Sjá meðfylgjandi fyrirspurnarteiknigar frá 2007.

Ljóst er að slíkar hugmyndir eru fyrir löngu komnar út af borðinu hjá bæjarfélaginu og er óskað eftir að því verði breytt með nýju deiliskipulagi.

Lóðarhafi hefur ekki sýnt fram á með hvernig hann hyggist leysa bílastæði innan lóðar með öðrum hætti og því ekki hægt að taka jákvætt í erindið að svo stöddu.

Fyrirhuguð er endurskoðun deiliskipulag miðbæjar þar sem endurskipulagning umferðarkerfis sem og tilhögun bílastæða verða hluti þess verkefnis. Erindi þessu er vísað undir þá vinnu.